

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 869 (22.6.2018) - Frá skólanefnd Tónlistsarskólans á Tröllaskaga; Samningur Dalvíkur- og Fjallabyggðar um stofnun TÁT - viðauki

Málsnúmer : 201806069
Málsaðili : Fræðslu- og menningarsvið
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 22.06.2018

Inngangur : Á 10. fundi skólanefndar TÁT þann 5. júní 2018 var eftirfarandi bókað:
"1805108 - Kostnaðarskipting launa við TÁT
Í samningi um Tónlistarskólann á Tröllaskaga, milli Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar, dagsettur 25. ágúst 2016 er kveðið á um að kostnaðarskipting launa skuli miðast við íbúafjölda sveitarfélaganna 1. janúar ár hvert og fjölda kennslustunda skólans í hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að endurskoða skiptaprósentu tvisvar á ári í stað einu sinni, þ.e. í febrúar og september, vegna breytileika í kennslustundafjölda milli anna innan skólaársins. Skólanefnd leggur til við bæjarráð Fjallabyggðar og byggðarráð Dalvíkurbyggðar að gerður verði viðauki við samninginn þar sem nánar er kveðið á um áðurgreinda þætti. "

Tekinn fyrir rafpóstur frá sviðstjóra fræðslu- og menningarsviðs, dagsettur þann 18. júní 2018, þar sem óskað er eftir umfjöllun og staðfestingu á tillögu að viðauka við gildandi samning á milli Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar um rekstur Tónlistarskólans á Tröllaskaga og varðar kostnaðarskiptingu launa við TÁT. Samkvæmt viðaukanum er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutfallið verði uppreiknað tvisvar á ári og er viðbótin við 14. gr. svohljóðandi:

"Kostnaðarskipting aðildasveitarfélaga skal reiknuð tvisvar á ári sem hér segir:

Í febrúar ár hvert þar sem miðað er við kennslustundafjölda hvors sveitarfélags á vorönn ásamt íbúatölur Hagstofu Íslands 1. Janúar sama ár.

Í september ár hvert þar sem miðað er við kennslustundafjölda hvors sveitarfélags á haustönn ásamt íbúatölur Hagstofu Íslands 1. janúar sama ár. "

Til umræðu ofangreint.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreinda tillögu að viðauka við samning um rekstur Tónlistarskólans á Tröllaskaga.